



Fundargerð

449. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 31. mars 2020 kl. 13:00.

Haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps og í gegnum fjarfundabúnað (JÖE, EDBJ og ÁÝS).

Mætt eru; Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE), Ágústa Ýr Sveinsdóttir(ÁÝS) og Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti ÁHH bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. 448.fundargerð sveitarstjórnar Reykhólahrepps:

Lögð fram 488. fundargerð sveitarstjórnar Reykhólahrepps frá 10. mars sl.
Fundargerðin staðfest og verður undirrituð.

Mál til afgreiðslu.

2. Vestfjarðavegur 60 - kæra v/framkvæmdaleyfis:

Tekið fyrir erindi frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna kæru Landverndar á framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps til handa Vegagerðarinnar fyrir Vestfjarðaveg á milli Bjarkarlundar og Skálaness, svokölluð ÞH-leið.

II. lagði fram svohljóðandi bókun vegna kæru Landverndar.

„Undirritaður tekur að mestu leyti undir þær athugasemdir sem Landvernd gerir við málalíbúnað sveitarstjórnar og kæruatriði vegna Vestfjarðavegar 60. Ljóst er að meirihluti sveitarstjórnar er í þessari kæru, kærður fyrir brot á 7 greinum 4 laga auk stjórnarskrárbrots. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir sem meirihluti sveitarstjórnar fær í þessari kæru. Meirihlutinn var varaður við þessu á fyrstu stigum málsins bæði af undirrituðum og Karli Kristjánssyni. En meirihlutinn ákvað að skella skollaeyrum við og halda málinu til streitu.

Ekki er fyrir séð hvað margar kærur verða í þessu máli en ljóst er að þær verða fleiri en þessi. Enda er sú leið sem meirihlutinn valdi augljóslega sú versta sem hægt var að velja.“

Lögð fram tillaga um viðbrögð Reykhólahrepps við kæru Landsverndar.
ÁHH lagði til að framlögð tillaga væri samþykkt.

Samþykkt með þremur atkvæðum ÁHH, JÖE og EDBJ gegn einu II. AÝS sat hjá.

3. Covid-19 viðbrögð og aðgerðir:

- a. Lagðar fram tilkynningar frá sveitarstjórn vegna Covid-19 og farið yfir stöðu mála.
- b. Fasteignagjöld. Samþykkt að kanna möguleika á frestun greiðslu fasteignagjalda fyrir þá aðila sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna Covid-19. Oddvita og varaoddvita falið að útfæra nánari reglur um frestun fasteignagjalda í samráði við sveitarstjóra og skrifstofustjóra.
- c. Húsaleiga. Samþykkt að fella niður húsaleigu hjá Hólabúð í tvo mánuði vegna takmarkanna á starfsemi hennar og tryggja þannig verslun í heimabyggð eins og verða má.
- d. Samþykkt að kjósa nýja almannavarnarnefnd.
Lagt er til að:
Ágústa Ýr Sveinsdóttir, formaður björgunarsveitarinnar,
Hlynur Stefánsson, varðstjóri slökkviliðs og
Hendrikka Alfreðsdóttir, hjúkrunarforstjóri skipi nefndina.
Til vara verði:
Árný Huld Haraldsdóttir,
Herdís Erna Matthíasdóttir og
Eiríkur Kristjánsson.

Samþykkt samhljóða.

Lagt til að nefndin verði kölluð saman sem fyrst.

4. Kjarasamningur við VerkVest:

Lagður fram kjarasamningur Súðavíkur- og Reykhólahreppa og Verklýðsfélags Vestfirðinga með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023.
Samþykkt samhljóða.

5. Jarðhitanýting á Reykhólum:

Lögð fram tillaga frá Stertuvík varðandi framtíðarsýn og stefnumótun um jarðhitanýtingu á Reykhólum.
Vísað til skipulags-, hafnar- og húsnaðisnefndar.

6. Umsókn um lóð í Flatey:

Lögð fram umsókn frá Kára Geir Jenssyni um frístundalóð í Flatey.
Vísað til skipulags- hafnar og húsnaðisnefndar, skipulagfulltrúa og byggingarfulltrúa.

7. Málefni Flateyjar - bréf:

Lagt fram bréf frá Gunnari Sveinssyni vegna málefna Flateyjar og svarbréf sveitarstjóra.
Sveitarstjórn mun framhaldi vera í sambandi við bréfitara og Flateyinga um fyrirbyggjandi verkefni.

Mál til kynningar:

8. Lífeyrisskuldbindingar:

Lögð fram gögn vegna áfallinna lífeyriskuldbindinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir árin 2018 og 2019.

9. Fundargerð 24. fundar Vestfjarðastofu:

Lögð fram.

10. Vestfjarðastofa - áskorun til stjórnvalda:

Lögð fram.

11. Viðauki við forvarnarsamning.

Lagður fram.

Önnur mál:

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30
